



Fundargerð

174. fundur Íþróttá- og tómsundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12
18. október 2023, kl. 11:00

Viðstaddir: Friðþjófur Helgi Karlsson formaður, Birgir Már Bragason, Hjördís Baldursdóttir, Marta Sigurðardóttir og Sindri Kristinn Ólafsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Barði Birgisson íþróttá- og tómsundafulltrúi, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Rúnar Vífill Arnarson formaður íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Hermann Borgar Jakobsson áheyrnafulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

* * *

1. Frístundaakstur - fyrirkomulag (2023100180)

Lögð fram tillaga frá Helga Arnarsyni sviðsstjóra menntasviðs og Hafþóri Barða Birgissyni íþróttá- og tómsundafulltrúa að breyttu fyrirkomulagi frístundaaksturs. Lagt er til að frá og með 1. desember nk. verði ekið með börn af frístundaheimilum í íþróttá- og tómsundastarf en ekki verði ekið með þau til baka að því loknu. Gert er ráð fyrir að forsjáraðilar sækji börnin af íþróttáæfingum og öðru tómsundastarfi.

Erindi frestað. Hafþóri Barða Birgissyni íþróttá- og tómsundafulltrúa er falið að kalla eftir frekari gögnum.

2. Fjárhagsáætlun íþróttá- og tómsundamála 2024 (2023080212)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómsundafulltrúi fór yfir stöðuna á vinnu við fjárhagsáætlun sviðsins fyrir árið 2024.

3. Frístundastefna Reykjanesbæjar (2023050566)

Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins, Ólafur Bergur Ólafsson og Thelma Hrund Hermannsdóttir frístundaleiðbeinendur sögðu frá vinnu við frístundastefnu Reykjanesbæjar. Góðar umræður sköpuðust um málið.

4. Erindi frá Körfuknattleiksdeild Keflavíkur (2022110007)

Erindi frá Körfuknattleiksdeild Keflavíkur um kaup á led auglýsingaskiltum, nýrri leikklukku og endurnýjun á stúku.

Íþróttá- og tómsundaráð vísar erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun 2024.

5. Viðhald íþróttá- og tómsundamannvirkja - brýning (2023100224)

Keflavík, íþróttá- og ungmennafélag hvetur til aukinnar áherslu á viðhaldi mannvirkja sem tilheyra ÍT.

Íþróttá- og tómsundaráð tekur undir áhyggjur Keflavíkur, íþróttá- og ungmennafélags og felur Hafþóri Barða Birgissyni íþróttá- og tómsundafulltrúa að kalla eftir upplýsingum frá umhverfis- og framkvæmdasviði hver kostnaður við viðhald íþróttá- og tómsundamannvirkja hefur verið undanfarin ár og í samanburði við önnur svið.

6. Heillaóskir til heimsmeistaranna Elsu og Harðar frá UMFN (2023100227)

Íþróttá- og tómsundaráð Reykjanesbæjar óskar Elsu Pálsdóttur og Herði Birkissyni til hamingju með heimsmeistaratitlana sem og Ungmennafélagi Njarðvíkur.

7. Velkomin til Suðurnesja (2023100243)

Hafþór Birgisson íþróttá- og tómsundafulltrúi sagði frá nýjum vef sem heitir Velkomin til Suðurnesja.

Íþróttá- og tómsundaráð óskar öllum þeim sem unnu að vefnum til hamingju með hann.

8. Erindi frá Ungmennafélagi Njarðvíkur (2023100261)

Erindi frá UMFN þar sem óskað er eftir að félagið fái 50 % aukningu á stöðugildi íþróttastjóra hjá félaginu og gætt sé samræmis á milli félaganna.

Íþróttá- og tómsundaráð vísar erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun 2024.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:55